

## Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinám

### Fjár sjóðsleit

Börnin geta búið til eigin fjár sjóð. Það er hægt að leyfa þeim að hafa alveg frjálsar hendur við að búa til fjár sjóðinn sinn, t.d. úr hvaða efnivið er fjár sjóðurinn þeirra. Kennarinn felur svo fjár sjóðinn þar sem dalakúturinn ætti að vera. Þá er gufunni fylgt eftir að dalakútnum og farið í gegnum allar stöðvarnar: völlinn, hrosshausinn, lækjarsprænu og þúfan fundin (það er hægt að búa til þrautir sem þarf að leysa á hverri stöð). Svo er farið til baka án þess að leita í þúfunni. Þá er komið að börnunum að finna út hvar fjár sjóðurinn þeirra er falinn og endursegja söguna. Langskemmtilegast að gera þetta úti.

### Gufan og lækurinn

Gera tilraunir með vatn og gufu. Hvað er gufa? Hægt að sjóða vatn og fylgjast með hvernig það breytist í gufu. Ef það er kalt úti þá er hægt að skoða hvernig andardrátturinn myndar gufu. Setja spegil eða gler yfir sjóðandi vatnið og svo anda á spegilinn. Sjá hvað gerist.

Skoða rennandi vatn. Finna í umhverfinu vatn og sjá hvernig það rennur. Er það lækur, á, fljót eða eitthvað annað? Finnum við kannski poll, tjörn eða haf? Hvað getum við hoppað langt. Getum við hoppað yfir poll, tjörn eða hafið? Hvað gerist ef við náum ekki að hoppa yfir?

Skoða brýr, mismunandi gerðir. Prófa að halda jafnvægi og ganga á mismunandi breiðum spítum og jafnvel á reipi. Búa til eigin brú yfir ímyndaðan eða alvöru læk eða á.

Hvaðan kemur vatnið? Hringrás vatns. Skoða regnið hvað það gerir, finnum við lækjarsprænu þegar það er búið að rigna? Prófa að sulla með vatni. Hægt að taka út kar eða nýta polla eftir rigningu. Koma með efnivið eða leyfa börnunum að finna efnivið til að hafa með í sullinu.

### Tjalda

Hvernig er að liggja undir berum himni? Þegar við förum í útilegur, hvar sofum við? Prófa að liggja í tjaldi og að liggja undir berum himni. Getum búið til eigið tjald með teppum, laki eða dúk. Líka hægt að gera koddavirki inni ef veður er mjög slæmt. Gaman að sjá hvernig er að vera í tjaldi í vondu veðri ef tækifæri gefst.

Hver liggur innstur og hver er fremstur? Hvar og hvernig finnst okkur best að liggja?